

Sp.

714. Tillaga

til þingsályktunar um almenna atkvæðagreiðslu alþingiskjósenda um áfengis-
löggjöfina.

Flm.: Bergur Jónsson, Einar Arnórsson, Jón Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið að láta fram fara atkvæðagreiðslu
almennra alþingiskjósenda í sambandi við næstu almennar alþingiskosning-
ar, og þó eigi síðar en 15. okt. 1932, um það:

1. Hvort kjósandi telji rétt að nema úr lögum bann það, er nú gildir, um inn-
flutning áfengra drykkja, og
2. Hvort kjósandi telji þá eigi rétt að setja reglur um meðferð áfengis, inn-
flutning, sölu og veitingar o. fl., til tryggingar gegn misbrúkun áfengis.

G r e i n a r g e r ð.

Allsherjarnefnd Nd. hefir fengið til meðferðar frumvarp, þar sem ætl-
azt er til þess, að flytja megi hverskonar áfengi og að ríkið hafi eitt á hendi
innflutning þess og heildsölu, en sala almennt og veitingar verði ýmsum tak-
mörkunum háðar. Eins og kunnugt er, var leitað atkvæða alþingiskjósenda
1908, áður en bannlögin voru sett í öndverðu. Því þykir flutningsmönnum
þessarar tillögu ófallið að afnema, án þess að sama meðferð sé á málinu
höfð, bann það, er enn gildir um innflutning nokkurra áfengistegunda. Þess
vegna þykir rétt að skora nú á ráðuneytið að spyrja alþingiskjósendur lands-

ins um vilja þeirra í þessu efni, líkt og gert var 1908. Einn flutningsmannanna (BJ) telur þó, að mátt hefði gera þær breytingar, sem hér greinir, án þess að leita atkvæða kjósenda, en með því að ekki er þess að vænta, að frumvarp það, er hann hefir borið fram á þessu þingi ásamt fleiri þingmönnum, geti fengið afgreiðslu nú, getur hann fallizt á að fara þá leið, sem í tillögunni segir. Nánara í framsögu.